Morgunblaðið

Þriðjudagur 14. sept. 1943



# Minningarorð um Jón Jónsson, Íragerði



## formaður í Íragerði við Stokkseyri.

JARÐNESKAR leifar þessa mæta manns verða fluttar til hinnar hinstu hvíldar að Stokkseyri í dag. Jón í Íragerði — svo var hann jafnan

---

ð um tímann og á virkum dög-
m, því helmingi færri hringja
il Klukku á helgum dögum en
irkum. Eru stundum ekki nema
700—1800 upphringingar á
unnudögum.

### Í heimsókn hjá ungfrú Klukku.

BJARNI FORBERG bæjar-
ímastjóri kallaði á mig til að
ýna mjer skýrslurnar um
Klukku og starfsemi hennar til
ess, að jeg gæti fullvissað bæj-
rbúa um, að þeim er óhætt að
rúa því sem Klukka segir þeim
m tímann. Hann hafði sönnun-
rgögnin í lagi og nú vita menn
verju þeir eiga að trúa. En áð-
r en jeg kvaddi bæjarsímastjóra
ynti hann mig fyrir ungfrú
Klukku. Hún er til húsa í salar-
ynnum sjálfvirku stöðvarinnar.
Vitanlega er ungfrú Klukka
ara rafmagnsáhald, sænskt að
ppruna, en eins og kunnugt er
ar það ungfrú Halldóra Briem,
em talaði inn á talfilmu í
tokkhólmi og filma þessi er svo
aglega gerð að hún eyðist aldrei
eg skal ekki fara út í að reyna
ð skýra þetta nauðsynlega á-
ald frá tæknislegu sjónarmiði,
n margir sem sjá ungfrú Klukku
fyrsta sinn verða undrandi yfir
ve hún er í raun veru einföld
ð gerð.

svifflugfjelag á Akureyri. Í þessum fjelögum eru piltar, sem smíða svifflugvjelar og læra að fljúga þeim.

Drengurinn, sem vill komast upp í loftið ætti að geta fengið þá ósk sína uppfyllta með því að ganga í Svifflugfjelagið.

### SENDIHERRA U.S.A. Í TYRKLANDI GEFUR SKÝRSLU

ANKARA í gær: — Lawrence Steinhardt, sendiherra Bandaríkjanna, er á förum til Washington til að gefa stjórn sinni skýrslu. Það er tekið fram í þessu sambandi, að samkomulag milli stjórna Bandaríkjanna og Tyrklands hafi aldrei verið betra en nú.—Reuter.

### Mikill stórufsaafli.

BJÖRN HANSSON, skipstjóri fjekk síðastl. sunnudag 24 smálestir af stórufa við Mánareyjar í síldarnót.

Aflinn auk lifrar seldist fyrir níu þúsund krónur. Hefir aldrei áður fengist jafnmikill fiskiafli í síldarnót á hafi.

## JÓN JÓNSSON,

formadur í Íragerdi vid Stokkseyri.

Jardneskar leifar þessa mæta og megingóda manns verda bornar til hinnar hinnstu hvíldar ad Stokkseyri í dag.

Jón í Íragerdi - svo var hann jafnan nefndur - var fæddur að Jórvík í Sandvíkurhreppi hinn 13 dag Janúarmánadar 1869, og því rúmlega 74 1/2 árs ad aldri, er hann lézt 1. þ.m.

Foreldrar hans voru þau, Jón Gamalielsson og sídari kona hans Margrét Jónsdóttir frá Selfossi, er bjuggu ad Oddagördum í Stokkseyrarhreppi, en þangad fluttist hann med þeim frá Jórvík adeins tveggja ára að aldri; litlu sídar missti hann módur sína.-

Albródir Jóns í Íragerdi var Ólafur, er lengi var í Kolsholti; dóttir hans er ungfrú Gudmunda, símamær á Selfossi. En hálfbrædur þeirra voru þeir, Jón hr.n. oddviti í Holti, fadir Sigurgríms, Sigurdur bóndi í Kolsholti, fadir séra Vigfúsar Ingvars, sóknarprests ad Desjarmýri, Einar formadur í Aldarminni á Stokkseyri og Gamaliel sjómadur þar og kirkjuþjónn.

Jón í Íragerdi var kvæntur Gudnýju, dóttur sægarpsins mikla, Benidikts Benidiktssonar í Íragerdi og konu hans, Elínar Sæmundsdóttur, er andadist 31. júlí 1942, 93 ára ad aldri. Gudný Benidiktsdóttir er myndar kona hin mesta, dádrík og dugandi vel, sem hún á kyn til. Börn þeirra voru 9, og komust 6 þeirra til fullordins aldurs, en þad eru þau, Gudjón, formadur í Móhúsum, kvæntur Ingveldi Jónsdóttur, Adolfssonar kaupmanns á Stokkseyri, Jón Gudmundur og Hallgrímur, bádir í födurgardi, Elín, gift Ásmundi Hannessyni bónda á Efraseli, Benidikta, gift Pétri Daníelssyni veitingarmanni á Skjaldbreid, og Margrét, gift Haraldi Bachmann bílavidgerdarmanni á Selfossi.- Eru börn þeirra öll einkar mannvænleg og myndarleg.

Fram ad hálf-þrítugsaldri dvaldi Jón í Íragerdi fyrstu æfiár sín í födurhúsum, sídar hjá þeim brædrum sínum, Jóni í Holti og Einari í Aldarminni, en þeir voru bádir gamlir og reyndir formenn á Stokkseyri og medal þeirra fremstu. Eftir þad vard hann einn medal hinna framsæknustu formanna þar um 40 ára skeid, heppinn vel, útsjónarsamur og öruggur stjórnari skips síns og manna, í vidureigninni vid hin varasömu brimsund verstödvarinnar, á þeim tímum, er sjórinn var þar sóttur af kappi miklu og hardfengi, enda var Jón í Íragerdi hardgjör sjómadur, hásetavandur og hnekktist aldrei á.-

Jón í Íragerdi var tídur kirkjugestur Stokkseyrarkirkju um 50 ára skeid, einn hinn skylduræknasti og lidtækasti adstodarmadur í kirkjusöngs-kórnum þeirra brædra, Ísólfs og Gísla í Hoftúni. Hinum tilgerdarlausa ~~og~~ tilkomumikla söng Jóns í Íragerdi var vidbrugdid, því hann hafdi bassaróm, svo dynþungan og djúpan, en þó mildan og mjúkan, ad honum mátti líkja vid hinn seidandi "~~Sírenusöng~~" sjávarölgunnar, hinn brakanda brimnid hafbylgjanna, er þær stedja ad sævarströndinni med tiguleik sínum öllum og tignarvaldi, falla nidur í djúpin, brotna þar - og deyja!

Þad var m.a. sameiginlegt med Jóni í Íragerdi og brædrum hans, ad á þeim öllum lá þad ágætisord, ad enginn hefdi nokkru sinni heyrt af vörum hans eda þeirra eitt einasta styggdar eda ædruord,

og því sídur blótsyrdi neitt, – og var þetta samreynd – enda voru þeir allir og hver um sig gagnmerkir menn og grandvarir í ordum og athöfnum, ad svo dæmafátt mátti teljast.

~~Samtídarmenn Jóns í Íragerdi og allir þeir mörgu menn, er hann komst í kynni vid, munu jafnan minnast hans sem eins hins ágætasta manns, er þeir hafa þekkt, drengskaparmannsins, áhugasama og trúrækna, er med óbilandi skyldurækni innti öll sín verk af hendi til fyrirmyndar og fagurs eftirdæmis ödrum mönnum.~~

~~Þad mun hvorttveggja, ad brimnidurinn af brotsjóunum vid strendur landsins munu lengi heyrast, og hinar djúpu og mildu "undirhljóds"-raddir Jóna í Íragerdi óma lengi í eyrum þeirra og hugarfylgsnum, er á þær hlustudu, og eigi gleymast þeim, þótt gamlir menn verdi.- Nú eru þær þagnadar, og þó heyrum vér þær og munum aftur heyra, þótt sídar verdi.~~

~~Blessud sé minning hans.~~

~~Reykjavík, 14. sept. 1943.~~
~~Jón Pálsson.~~

Samtídarmenn Jóns í Íragerdi og allir þeir mörgu félagar hans og vinir, er hann komst í kynni vid, munu jafnan minnast hans sem eins hins ágætasta prúdmennis, drengskaparmannsins, áhugasama og trúrækna, er med óbilandi skyldurækni og trúmennsku innti öll sín verk af hendi til fagurs eftirdæmis og fyrirmyndar ödrum mönnum.

Þad mun hvorttveggja, ad brimnidurinn af brotsjóunum vid strendur landsins mun lengi hvína vid og kyrja hinn undrafagra söng sinn, sem og hitt, ad „undirhljóds"-raddir Jóns í Íragerdi munu og lengi óma í eyrum þeirra, er þær heyrdu, og eigi gleymast þeim, þótt gamlir menn verdi.- Nú eru raddir þessar þagnadar, en þó heyrum vér þær í anda og munum aftur heyra, þótt sídar verdi. Þær voru einnig dásamlega adladandi og fagrar. —

Blessud sé minning hans!

Reykjavík, 14. sept. 1943.

Jón Pálsson